

Tillögur að skólaferðalögum nemenda Grunnskólans á Hellu

Yngsta stig 1. – 4. bekkur Tekið fyrir á stigsfundi 9. febrúar 2016.

Haustferðir	Rútuferðir eftir áramót	Vorferðir
Fjöruferð í Stokkseyrarfjöru, Veiðisafnið á Stokkseyri/sund í Þorlákshöfn	Leikhúsferð	Þykkvibær, Kartöfluverksmiðjan, Þykkvabæjarkirkja, grillaðar pylsur
Berjafarð (Stóri Dímon), Þorsteinslundur, Tumastaðaskógur		Heimsókn í fyrirtæki, t.d. Kjörís, sund, t.d. í Hveragerði, Þrastarlundur
Gunnarsholt Sagnagarður, Keldur og Oddi	Leikhúsferð	Gengið upp eftir Rangá, leikir
Berjafarð. Leirubakki fyrir hádegi, leikir og nesti. Tínd ber eftir hádegi.		Húsdýragarðurinn, grillaðar pylsur.

Miðað er við að fara til skiptis í stóra haustferð og vorferð. Sé farið í stóra haustferð þá er farið í minni vorferð og jafnframt farið í leikhús það skólaár. Reynt skal miða að því að allavega fjórða hvert ár sé farið í stóru leikhúsin í Reykjavík. Þannig að nemandi á yngsta stigi fari a.m.k. einu sinni í stóra leikhúsferð og eina leikhúsferð í nærumhverfinu á meðan hann er á yngsta stigi.

Miðstig 5. – 7. bekkur Tekið fyrir á stigsfundi 19. janúar 2016

Haustferðir	Rútuferðir eftir áramót	Vorferðir
Sólheimar og Skálholt	Skautafarð til Rvk. og safn.	Heimsókn í Auðkúlu, Hellarnir Ægissíðu, grill á tjaldsvæði Árhúsa, leikir
Þingvellir og sund á Borg í Grímsnesi	Skautafarð til Rvk. og safn.	Ganga: Selalækur – Oddi. Saga, fræðsla, spjall, leikir
Skógar, Seljalandsfoss. (Kvernugil)	Skautafarð til Rvk. og safn.	Ganga: Skarðsfjall. Heimsókn í Skarð, kirkjuskoðun, dýraskoðun, sull í læk

Miðað er við að fara í tvær rútuferðir á hverju skólaári, einu sinni að hausti og einu sinni eftir áramót í skauta- og safnaferð til Reykjavíkur.

Unglingastig 8. – 10. bekkur Tekið fyrir á stigsfundi 9. febrúar 2016.

Haustferðir	Rútuferðir eftir áramót	Vorferðir 8.-9.b.
Þórsmörk	Skíðaferð/ skautuferð og keila/safn (Leikhúsferð)	
Hjólreiðaferð: Skarð - Rjúpnaveilir	Leikhúsferð /bíóferð og keila (Skíðaferð)	Gönguferð á eða í kringum Bjólfell.
Ganga: Landmannahellir - Landmannalaugar	Skíðaferð /bíóferð og keila (Leikhúsferð)	Hjólreiðaferð t.d. Hafrafell eða ganga frá Næfurholti/Litlu Heklu að Rauðuskál og Hraunfossum.

Miðað er við að fara í tvær rútuferðir á hverju skólaári, einu sinni að hausti (þar sem gist er yfir nótt) og einu sinni eftir áramót. Ef ekki er hægt að fara í skíðaferð/leikhúsferð/bíóferð eftir áramót vegna aðstæðna, þá skal reynt að fara í annars konar rútuferð að vori.

Foreldrafélagið styrkir öll stigin á einhvern máta vegna vorferða og skal leita hverju sinni til félagsins með hvaða hætti sá styrkur á að vera.

Endurskoðað og uppfært á stigsfundum í janúar og febrúar 2016.

Kynnt og samþykkt á starfsmannafundi þriðjudaginn 15. mars 2016.